

Stjórnarfundur 1. september 2010 kl. 20:30 **Haldinn í K-húsinu**

Mættir: Hjördís, Sigurbjörg, Falur, Júlíus, Sigurbór, Friðrik Hrannar, Ásta, Lúðvík, Guðmundur, Anthony, Helga og Herdís,

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir og fundargerð samþykkt.

2. Skráningar og hópar

Skráningar gengu vel og varð nokkur fjölgun. Einnig hefur fjölgað nokkuð á æfingum í þessari viku. Fáum nýjar upplýsingar fljótlega. Anthony hefur sett sundmenn Keflavíkur og UMFN inn í TM. Getum búist við að heildarfjöldi sundmanna verði um 240 þegar allar skráningar hafa skilað sér. Farið yfir nokkrar skráningar og málefni ákveðinna hópa. Mikilvægt næsta haust að sundmenn færast ekki upp um hópa nema geta fyrirfram ákveðna hluti. Nýir sundmenn koma á matsdag þar sem þeir eru metnir inn í hópa. Einnig þarf að skrá afhverju sundmenn hætta. Þegar foreldrar senda tilkynningu um uppsögn á irb@visir.is sendum við form eða spurningar á foreldra til að fá útskýringar. Anthony heldur þjálfarafund um skráningar og hópastærðir og í kjölfarið verður stjórnarfundur 29. sept kl 20:30 þar sem foreldrafundir verða einnig undirbúnir.

3. Gagnagrunnur

Anthony sér um aðalgagnagrunninn sem er á TM og síðan verður Felix notaður til að halda utan um símanúmer, netföng og aðrar upplýsingar. Gjaldkerar halda utan greiðsluupplýsingar. Þjálfarar fá afrit af aðalgagnagrunninum en allar skráningar og úrslit verða á gagnagrunni Anthonys.

4. Upplýsingar frá þjálfarafundi í síðasta mánuði

Anthony fór yfir þá punkta sem hann fór yfir með þjálfurunum. Á áætlun er að auka fjölda sundmanna úr öllum skólum, vænta þess að allir sýnir framúrskarandi árangur, halda sunddaga þar sem yngri sundmenn hittast, æfingardagur, þar verða líka allir þjálfarar. Þjálfarar setja upp mótadagskrá fyrir hvern hóp. Rætt um Ofurhugana og XLR8 viðurkenningarnar.

5. Foreldrafundir

Síli, Selir og Sæhestar úr öllum laugum saman
Höfrungar og Hákarlar úr öllum laugum saman
Framtíðarhópur og Afrekshópur saman
Fundirnir verða í byrjun október.

Anthony undirbýr fundina með þjálfurunum. Hugmynd að hafa fundina í Akadémíunni. Hægt verður að panta búninga á þessum fundum.

6. Áætlun fyrir alla hópa.

Þjálfarar setja upp áætlun fyrir mót og félagslega viðburði fyrir hópana sína og verður það sett á vefsíðurnar eftir foreldrafundina.

7. Áheitasund

IGS gefur súpu og brauð eftir sunnið. Ingvar er að skoða veðrið og verður á bátnum. Sundmenn mæta kl. 15 við Njarðvíkurhöfn á föstudaginn.

8. Vefsíður Keflavíkur og UMFN

Harpa tekur að sér umsjón með báðum vefsíðum. Námskeið á ConMan fyrir þjálfara og aðra áhugasama verður í október.

9. Stuðningsnet fyrir sundmenn

Anthony hefur haft samband við sjúkraþjálfara, sálfræðing, nuddara, næringarfræðing og fleiri til að styðja við sundmenn og foreldra.

10. Önnur mál

- a) Lagt til að sundmenn erlendis greiði félagsgjöld og SSÍ gjöld og foreldrar þeirra eða þeir fá einnig tækifæri til að taka þátt í öllum fjáröflunarverkefnum. Formenn deildanna ræða við foreldra um þetta.
- b) SSÍ heldur upp á 60 ára afmæli og óskar eftir fólki í afmælisnefnd.
- c) Hjördís talaði við Stefán Bjarkarson um fjölskyldur sem ekki hafa efni á að senda börn sín í sund. Gjaldkerar ræða við Stefán í desember. Einnig er hægt að sækja um í Velferðarsjóð.
- d) Rætt um morgunæfingar.
- e) Skiltin við laugina.
- f) Farið yfir æfingarbókina sem allir sundmenn fá.
- g) Rætt um að kaupa búnað fyrir sundmenn m.a. froskalappir og leigja sundmönnum í yngri hópunum.
- h) Rætt um þjófnaðinn í Vatnaveröld. Málið er upplýst og starfsmenn Vatnaveraldar fara í málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Fundarritari: Sigurbjörg Róbertsdóttir